

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis

við Bandalag íslenskra skáta kt. 440169-2879 um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Bandalag íslenskra skáta kt. 440169-2879, í samningi þessum nefnt Skátar, gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Skátar geti unnið að fjölbættum markmiðum sínum í þágu barna og ungmenna. Stuðningur tekur mið af uppeldislegu gildi starfsins og gildi starfsins í forvörnum.

1.2. Starfsemi

- Starfsemi Skáta miðast að því að samræma starf aðildarfélaganna og auka samstarf þeirra á milli. Skátar veita aðildarfélögum sínum aðstoð, stendur fyrir fræðslu til iðkenda og leiðtoga í starfi félaganna.
- Skátafélögin hafi aðgerðaráætlun ef upp koma mál er tengjast kynferðislegu ofbeldi eða einelti.
- Stuðningur ríkisins við starf Skáta tekur mið af uppeldislegu gildi starfsins og gildi starfsins í forvörnum.
- Að Skátar taki mið af framkvæmdaáætlun Æskulýðsráðs í æskulýðsmálum (2014-2018).
- Ráðuneytið vekur athygli á mikilvægi þess að samtökin vinni gegn hatursorðræðu á netmiðlum og í starfinu.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Framlag ráðuneytisins til samnings þessa á árinu 2017 er 51,1 m.kr. Þar af er 10 m.kr. tímabundið framlag vegna World Scout Moot.
- 2.2. Skátar starfa samkvæmt lögum og grunngildum Bandalag íslenskra skáta sem samþykkt voru árið 2015.
- 2.3. Skátar starfa í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

3. Ábyrgð

- 3.1. Skátar bera ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Skátar skulu geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.

3.2. Skátar bera ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.

3.3. Skátum er óheimilt að:

3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.

3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

4.1. Ráðuneytið greiðir framlagið í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Skáta.

4.2. Skátar skili ráðuneytinu:

4.2.1. Áætlun um rekstur og efnahag ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að fyrir lok maí. Einnig skili Skátar upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri Skáta á næsta starfsári.

4.2.2. Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.

4.3. Eigi Skátar í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Skátar funda að lágmarki árlega um samninginn.

5.3. Fyrir lok nóvember skila Skátar ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.

5.4. Skátar skila ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.

5.5. Skátar veita ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

5.6. Samning þennan, ársreikning Skáta, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Skáta jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir.

Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

6.1. Skátar tilkynna ráðuneytinu tafarlaus ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.

6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Skátar ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar til 31. desember 2017.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara
- 7.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

16. maí 2017

Reykjavík ~~21. apríl~~ 2017


f.h. mennta- og menningarmálaráðherra


Marta Magnúsdóttir,
skátahöfðingi